

Bókartitill	Höfundur	Efni bókar í mjög stuttu máli
Ég er ekki fullkominn! Ég stjórna – ekki kvíðinn	Sigurður Eyjólfur Sigurjónsson Myndhöfundur: Iðunn Arna Björgvinsdóttir	Ég hef verið á botninum vegna hamlandi kvíða og líka upplifað tímabil þar sem ég tók miklum framförum. Á síðustu árum hef ég verið að uppskera eftir mikla vinnu sem ég lagði á mig. Það er von mín og trú að þessi bók komi mörgum að gagni sem glíma við kvíða en geti einnig hjálpað þeim sem ekki hafa upplifað slíkt til að skilja um hvað málið snýst.
Auður djúpúðga	Vilborg Davíðsdóttir	Auður djúpúðga er í hópi þekktustu landnema Íslands, en hingað til lands kom hún ekki fyrr en á efri árum. Hér er þroskasaga hennar sögð um leið og dregin er upp mynd af þeim róstudömu tímum þegar norrænir menn lögðu undir sig eyjarnar við Skotland og herjuðu í Vesturhafi, háðu jafnvel blóðuga bardaga innbyrðis.
Kvöldsónatan	Ólafur Jóhann Ólafsson	Ungur drengur fylgist með föður sínum hjálpa erlendum hjónum að flytja flygil inn í húsið beint á móti heimili hans í Suðurgötu árið 1949. Sá atburður á eftir að hafa mikil áhrif á framtíð hans.
Huldukonan	Fríða Ísberg	Konurnar í Lohr fjölskyldunni skilja ekki að Sigvaldi þeirra, með alla sína augljósu mannkosti, hafi aldrei gengið út. Ennfremur fá þær ekki skilið þá fráleitu ákvörðun hans að gerast einsetumaður í eyðivík. Dag einn birtist Sigvaldi á dýraþrepi móður sinnar með mánaðargamla stúlku í fanginu og neitar að svara því hver sé móðir barnsins.
Útkall Ég er á lífi	Óttar Sveinsson	Í janúar 2012 berst Eiríkur Jóhannsson klukkustundum saman fyrir lífi sínu einn í hamfarasjó í Noregshafinu. Hér

		er einnig greint frá því sem aldrei hefur komið fram áður að áhafnir tveggja björgunarþyrlna lenda í aðstæðum sem eiga sér enga hliðstæðu - litlu munar að þær komist ekki aftur heim til Noregs.
Láka rímur	Bjarki Karlsson	Þorlákur Snjákason er flestum kunnur úr barnabókinni um hann Láka. Í Láka rímum birtist hann lesendum í nokkuð öðru ljósi.
Kalmann og fjallið sem svaf	Joachim B. Schmidt	Framhald af bókinni Kalmann. Kalmann Óðinsson situr í haldi FBI og skilur hvorki upp né niður. Dagsferð hans með bandarískri fjölskyldu sinni til Washington D.C. hlaut óvæntan endi og allt í einu liggur heil ósköp á að senda hann aftur heim til Íslands. Morð er framið og virðist tengjast atburðum frá tímum kalda stríðsins. Og hver skyldi best til þess fallinn að rannsaka málið? Auðvitað Kalmann sjérifinn á Rauðarhöfn.
Dánar konur fyrirgefa ekki ALDAMÓTAMORÐIN – 1. BÓK.	Katarina Wennstam	Spennandi og örlagarík lýsing á harðneskjulegu lífi kvenna af ólíkum stigum í Stokkhólmi undir lok nítjándu aldar. Sterk og ljóslifandi frásögn af heimi þjónustustúlkna, vændiskvenna og samviskulausra karla.
Jötunsteinn	Andri Snær Magnason	Jötunsteinn, steyptur hellusteinn sem til stendur að leggja í gangstétt, þýtur í átt að bílrúðu. Fyrir innan hana situr stórtækur verktaki. Úti stendur bugaður arkitekt. Tíminn silast áfram sekúndubrot fyrir sekúndubrot.
Vöfluhúsið í fjöllumunum	Karin Härjegård Þýðandi: Urður Snædal	Helena er önnur kafin við að undirbúa afmæliskvöldverð fyrir Martin eiginmann sinn þegar síminn hringir. Það er samstarfskona hennar sem

		segist hafa átt í ástarsambandi við Martin. Sambandið er búið en ástkonunni finnst að Helena eigi að vita um framhjáaldið.
Mamma og ég Myndir og minningar	Kolbeinn Þorsteinsson	Kolbeinn segir söguna frá sjónarhóli barnsins og lýsir þeim mikla sársauka sem fylgir því að verða móðurlaus og sendur af hálfu barnaverndarnefndar til vandalausra og vita lítið um móður sína og ástand hennar. Hann lýsir einnig voninni sem hann ól með sér um endurfundi og sameiningu sem aldrei varð.
Blátt áfram - Sjálfsævisaga	Bjarni Eiríkur	Bjarni Eiríkur var lesblindur en tókst með harðfyllgi að sigrast á þeim fjanda. Hann lauk kennaraprófi, kenndi í Hveragerði, var skólastjóri í Þorlákshöfn og lærði náms- og starfsráðgjöf. Hann var góður tónlistarmaður og á dansgólfinu heillaði hann dömunar með fótafimi og þokka. Það sem stendur þó upp úr á æviferli Bjarna er án efa hestamennskan.
Táknmál blómanna	Vanessa Diffenbaugh Þýðandi: Friðrika Benónýsdóttir	Victoria er alin upp á flækingi milli fósturheimila og stofnana og hefur aldrei myndað tilfinningatengsl við nokkra manneskju – nema konuna sem kenndi henni táknmál blómanna. Á átján ára afmæli sínu stendur hún á götunni, alein í heiminum, þyrnótt eins og þistill. En hún kann að tjá tilfinningar sínar og annarra með blómum og fær vinnu í blómabúð þar sem hæfileikar hennar njóta sín.
Heimsins besti dagur í helvíti	Lilja Ósk Snorradóttir	Þegar Lilja Ósk flækir fætuna í hundabúri í miðju matarboði og dettur á höfuðið er hún sannfærð um að hún muni jafna sig fljótt og örugglega, enda hefur hún hvorki tíma né þolinmæði til annars. Raunin verður þó önnur. Hvað tekur

		kona til bragðs sem týnir sjálfri sér? Hvenær ætli heimsins besti dagur í helvíti komi? Hrá, einlæg, átakanleg og á köflum fyndin frásögn af því hvernig lífið getur breyst á einu andartaki.
Gleði Bjargar - Hamingja er markmið	Björg Þórhallsdóttir	Björg Þórhallsdóttir listakona er höfundur hinna vinsælu dagbóka Tíminn minn, sem komið hafa út hér á landi í rúman áratug. Hún boðar gleði og fegurra líf. Björg fluttist ung til Noregs og nýtur þar mikilla vinsælda, bæði sem myndlistarmaður og rithöfundur.
Skrifað í sand: minningarbrot	Karl Sigurbjörnsson	Karl Sigurbjörnsson biskup skildi eftir sig handrit að sjálfsævisögu þegar hann lést í febrúar árið 2024. Hér lýsir hann uppveiti sínum og daglegu lífi í Reykjavík um miðja síðustu öld, segir frá litríkum persónum, skólagöngu, áhrifavöldum, prestsárum og fjallar sömuleiðis um erfið mál á biskupsstóli og dregur ekkert undan.
Ég heyrði ugluna kalla á mig	Margaret Craven Þýðandi: Gunnsteinn Gunnarsson	Í Kingcome-byggð við norðvesturströnd Kanada hefur fólk búið öldum saman í sátt og samlyndi við náttúruna. En nútíminn hefur hafið innreið sína með tilheyrandi vandamálum og aldagamalt veiðimannasamfélagið á undir högg að sækja. Ungur prestur sest að í byggðinni og í samvistum við innfædda öðlast hann nýjan skilning á lífinu, ekki síst mætti kærleikans.
Á sporbaug: nýyrði Jónasar Hallgrímssonar	Anna Sigríður Þráinsdóttir Myndahöfundur: Elín Elísabet Einarisdóttir	Jónas bjó til fjöldann allan af orðum sem mörg hver lifa enn góðu lífi. Hann á stóran þátt í að skapa þá hefð að þýða erlend orð, hugtök og heiti á íslensku.
Lífið að leysa	Alice Munro Þýðandi: Silja Aðalsteinsdóttir	Hún hlaut Bókmenntaverðlaun Nóbels 2013 fyrir smásögur

		sína enda þykja þær einstök meistaraverk, knappar, afhjúpandi og spennandi. Margar sögurnar lýsa andartaki þegar líf söguhetju breytist eða byltist og ástin er sérstaklega ágengt umfjöllunarefni.
Ferðabíó herra Saitos	Annette Bjergfeldt Þýðandi: Jón St. Kristjánsson	Heillandi og óvenjuleg saga sem segir frá Litu sem er barnung þegar móðir hennar flýr með hana frá Argentínu. Mæðgurnar enda á afskekktu kanadískri eyju en smám saman kynnast þær fámennu en litríku samfélaginu þar og Lita eignast vinkonu í fyrsta skipti. En þegar herra Saito mætir með ferðabíóið sitt opnast nýr ævintýraheimur fyrir Litu.